

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum?*

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á sér stoð í lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006. Þar segir í 1. gr. að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sé háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyri undir mennta- og menningarmálaráðherra. Stofnunin hafi nán tengsl við Háskóla Íslands og sé hluti af fræðasamfélagi hans. Þá kemur fram í 2. gr. sömu laga að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fari með varðveislu og umsjón handrita og skjalagagna sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

Í 3. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kemur fram að hlutverk hennar sé að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Hlutverk sitt rækir stofnunin einkum með því að:

- a. afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða og gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og almenn- ing;
- b. rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknum og verkefnum á sviði tungutækni;
- c. stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um iðorð og nýyrði;
- d. efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis;
- e. gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaeefni og orða- og nafnabækur;
- f. vera til ráðgjafar fyrir almennig og stofnanir um söfnun, skráningu og varðveislu ör- nefna og jafnframt um nýjar nafngiftir.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárheimild til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum samkvæmt fylgi- riti fjárlaga fyrir árið 2020, sbr. auglýsingu nr. 1379/2019 í B-deild Stjórnartíðinda, er 634,3 millj. kr. að frádregnum sértekjum að fjárhæð 115,4 millj. kr. Fjárveitingar eru ekki sundur-

liðaðar eftir lögbundnum verkefnum stofnana í fjárlögum. Eftirfarandi skipting á viðföng kemur fram í fylgiriti með fjárlögum:

<b>02-209</b>	<b>Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</b>	<b>634,3</b>
02-209.101	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	630,3
02-209.601	Tæki og búnaður	4,0